



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. febrúar 2024.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um ókeypis fræðslu og þjálfun til foreldra barna með ADHD, þskj. 67, 67. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreind tillaga til umsagnar. Styður skrifstofan tillöguna og telur fullvíst að í námskeiðunum felist mikil tækifæri til samfélagsbóta eins og segir í greinargerð með tillögunni. Enn fremur minnir skrifstofan á að samkvæmt Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, skal alltaf það haft að leiðarljósi sem er barni fyrir bestu. Aukin þekking foreldra, reynsla og skilningur á röskuninni sem börn þeirra búa við hlýtur alltaf að leiða til þess að auka færni þeirra við uppeldið og þar af leiðandi koma barninu til góða.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri